

# Félagsheimilið á Blönduósi

## FUNDUR – 2. júní 2004

Stjórnarfundur haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi miðvikudaginn 2. júní 2004 klukkan 18:00.

Mættir eru undirritaðir.

Jóhanna setti fund og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Húsvörður fer yfir reksturinn.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Margrét sagði frá því að mikið hafi verið um að vera í húsinu frá áramótum en benti jafnframt á að þetta væru annasömustu mánuðirnir. Nokkuð er búið að bóka fyrir sumarið, til dæmis þrjú ættarmót, smábæjarleikana og fleira. Síðasta helgi kom vel út fjárhagslega en sýnt var leikritið 100% Hitt og tvær kvikmyndir.
2. Ákveðið var að endurskoða ráðningarsamning húsvarðar eftir sex mánuði, nú eru þeir liðnir og ákveðið var að fara ofan í þau mál. Stefán Hafsteinsson vék af fundi klukkan 18:55.  
Valdimar lagði til að fá Björn Magnússon, fulltrúa Húnvetninga í stýrihópi fyrir stefnumótun í menningarmálum á Norðurlandi vestra, til að ræða um störf hópsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt fundi slitið kl. 19:30

Kristín Guðjónsdóttir

Jóhanna G. Jónasdóttir  
Auðunn Sigurðsson  
Margrét Sigurðardóttir  
Valdimar Guðmannsson